

Ávarp stjórnarformanns

Þórðar Sværissónar

Ágætu hluthafar, góðir fundarmenn.

Ég mun nú gera grein fyrir starfsemi Hörpu á liðnu starfsári.

Starfsemi Hörpu hefur verið fjölbreytt og skemmtileg eins og fyrri ár og hefur Harpa laðað að sér yfir tvær milljónir gesta - og þar af greiddu nærri þrjúhundruð þúsund fyrir aðgang að tónleikum eða öðrum viðburðum sem haldnir voru í sölum Hörpu. Starfsemin hefur með árunum verið að festast í sessi, en einmitt þá er rétti tíminn til að horfa fram á veginn og móta nýja sýn um hvernig við viljum að Harpa breytist og þróist til að hún megi haldast síung og sígild í framtíðinni.



Stjórnin ákvað því á fyrra ári að ráðast í heildarstefnumótun í því skyni að setja fram með skýrum hætti hvernig við viljum að starfsemin þróist næstu fimm árin. Stjórnendur hafa leitt þessa vinnu í samstarfi við ráðgjafafyrirtækið Capacent. Ákveðið var að kalla til þátttöku í stefnumótunarferlinu tónlistarmenn, listráð Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhaldara, aðila sem eru með fasta starfsemi í húsinu auk eigenda, starfsmanna og ýmsa velunnara. Eftt var

til nokkurra vinnufunda þar sem leitað var eftir skoðunum á því hvernig menn vilja sjá starfsemina þróast á næstu árum. Fjölmargar skemmtilegar og gagnlegar hugmyndir og tillögur komu fram á þessum fundum sem stjórnendur og ráðgjafar unnu síðan úr og settu fram sem stefnu Hörpu.

Horft var á verkefnið í heild með því að skoða hlutverk Hörpu ohf, framtíðarsýn, setja fram stefnumarkandi áherslur, og síðan meginsvið verkefna sem falla undir hverja stefnumarkandi áherslu.

Ég vil nota þetta tækifæri til að gera grein fyrir stefnunni eins og hún hefur verið samþykkt af stjórn.

Hlutverk Hörpu er sett fram á skýran hátt í eigendastefnu félagsins en þar segir:

„Hlutverk Hörpu er að vera vettvangur fyrir tónlistar- og menningarlíf sem og hvers konar ráðstefnur, fundi og samkomur, innlendar sem erlendar.“

Þetta er vel hugsað, einfalt og skýrt hlutverk. Það á að geta staðið óbreytt um komandi ár. Á grunni þessa hlutverks og vinnu við stefnumótun var sett fram framtíðarsýn, sýn sem ætlað er að vera leiðarljós við ákvarðanatöku og alla starfsemi sem hér fer fram. Niðurstaðan um framtíðarsýn Hörpu er:

„Harpa er ávallt á heimsmælikvarða“

Harpa á að auðga samfélagið með fjölbreyttri dagskrá, aðstöðu og þjónustu sem er ávallt á heimsmælikvarða. Með því á að ná að skapa menningarleg, efnahagsleg og samfélagsleg verðmæti með þeim listviðburðum og annarri menningarstarfsemi sem hér fer fram. Á grundvelli kraftmikillar umræðu á þeim fundum sem ég nefndi voru síðan mótaðar þrjár stefnumarkandi áherslur. Fyrsta áherslan er að Harpa skuli vera:

„Heimavöllur íslenskrar tónlistar og heimssvið fyrir alþjóðlega strauma“

Með því er áhersla á að húsið sé heimili íslenskar tónlistar þar sem lykilstofnanir tónlistarinnar eiga að geta haft sitt fasta aðsetur. En Harpa á einnig að vera það svið á Íslandi sem dregur að erlent tónlistarfólk á heimsmælikvarða og flytur þannig alþjóðlega strauma og heimslitina hingað til okkar.

Önnur stefnumarkandi áhersla er að Harpa bjóði:

„Framúrskarandi aðstöðu og þjónustu sem laði til sín alþjóðlega mikilvæga viðburði“

Hugsunin hér er að markaðssetning byggji á að Harpa bjóði einstakt umhverfi og aðstöðu fyrir ráðstefnur í háum gæðaflokki, þar sem gefst tækifæri til að halda ráðstefnur í lifandi tónlistar- og menningarhúsi í miðri höfuðborg. Veiting Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna er dæmi um viðburð sem leggur línu og staðsetur Hörpu á erlendum mörkuðum hjá þeim sem skipuleggja ráðstefnur af þeirri gerð sem við höfum áhuga á að fá hingað í Hörpu.


Þriðja stefnumótandi áherslan er að gestir, ferðamenn og aðrir sem hingað koma fái að njóta þess í ríkum mæli að Harpa er:

„Einstakt listaverk, upplifun og áfangastaður“

Hér er leitað eftir því að allt viðmót, þjónusta og starfsemi í húsinu nái að vera umfram væntingar þeirra sem hingað koma, og að verslanir, veitingastaðir og önnur starfsemi endurspegli sérstöðu hússins í borgarlífinu. Hér er einnig hugsað til viðmóts Hörpu á stafrænum miðlum og hvernig við nýtum stafræna tækni til að gera upplifun gesta sem ríkasta. Byggt á þessari stefnu vinna starfsmenn nú að gerð viðskipta- og framkvæmdaáætlunar þar sem einstök verkefni eru skilgreind, þau brotin niður í áfanga og tímasett hvenær þau koma til framkvæmda. Það verður spennandi að sjá hvernig þessi stefna mun með vaxandi hætti hafa áhrif á starfsemina og ánægju gesta.

Harpa er fyrirtæki, opinbert hlutafélag. Harpa er ekki stofnun eins og menningarstofnun. Verkefni starfsmannanna er að byggja hér upp blómlega starfsemi og annast hagkvæman rekstur starfseminnar og viðhald hússins. Það gera þeir með því að markaðssetja og bjóða

umgjörð og þjónustu fyrir tónlistarflutning, aðra listviðburði, ráðstefnur og fleira. Einnig að skapa þær aðstæður fyrir listamenn að þeir fái notið sín og nái að gefa af sér við sína listsköpun. Til að starfsmenn nái að annast þetta verkefni þarf Harpa að búa við eðlilegt rekstrarmódel og rekstrarumhverfi eins og önnur fyrirtæki. Í þessum rekstri, eins og öðrum, þarf einnig iðulega að taka umdeildar ákvarðanir og búa við gagnrýni eins og í öllum öðrum hlutafélögum. Harpa gekk í gegnum óvægna umræðu fyrir tæpu ári vegna launa og starfsmannamála, og mun sjálfsagt eiga eftir að fá gagnrýni vegna ákvarðana sem teknar verða við að hrinda í framkvæmd einstökum þáttum í fyrirliggjandi stefnu. Þannig á það að vera, og gott er að vita til þess að landsmenn hafi sterkar skoðanir á því sem hér fer fram. Í því felst hvatning til stjórnenda að vanda sig ávallt eins og kostur er.



Miðað við áætlun liðins árs gekk rekstur Hörpu eins og gert var ráð fyrir og hefur afkoma samstæðunnar án rekstrarframlaga batnað milli ára. Ríki og borg, eigendur Hörpu, hafa fyrir milligöngu eigendaneftar staðið þétt við starfsemina og lögðu félaginu til 400 milljónir króna rekstrarframlag á liðnu ári og leggja 450 milljónir króna til rekstursins í


ár. Engu að síður sýnir niðurstaða rekstrarreiknings 461 milljón króna tap og eigið fé er neikvætt um 510 milljónir króna. Greint er frá í skýrslu stjórnar og skýringu 13 með ársreikningnum að sýna megi uppgjórið með öðrum hætti þar sem fram kæmi að eigið fé sé í reynd yfir 12 milljarðar og efnahagsstaða Hörpu því traust.

En hvað veldur þessum árlega taprekstri og vaxandi neikvæðu eigin fé? Til að skilja það verðum við að líta til baka til þess tíma þegar efnahags- og rekstrarforsendur voru ákveðnar. Þá var ákveðið að nánast öll fjárfestingin í þessu húsi yrði fjármögnuð með skuldabréfaláni til 35 ára og sú skuld vistuð í dótturfélagi Hörpu ohf og væri því hluti af samstæðureikningi Hörpu ohf. Þar með bókast allur fjármagnskostnaður og verðbreytingafærslur og að sjálfsögðu afskriftir inn í rekstrarreikninginn sem mun því alltaf sýna verulegan rekstrarhalla, þrátt fyrir jákvætt greiðslustreymi og EBIDTA. Það er morgunljóst að þetta rekstrarmódel Hörpu hefur aldrei verið og getur aldrei orðið sjálfbært. Því verður að breyta til að ná að skapa Hörpu ohf, sem hlutafélagi eðlilegan rekstrargrundvöll til framtíðar þannig að það nái að starfa sem sjálfbært fyrirtæki og geti gegnt sínu mikilvæga hlutverki.

Stjórn og eigendanevnd hafa unnið að því að finna tryggari rekstrargrundvöll, og liggur fyrir ákvörðun þessara aðila að komast á næstu mánuðum að niðurstöðu um hvernig tryggja megi til framtíðar sjálfbæran efnahags- og rekstrargrundvöll Hörpu sem byggir á þeirri stefnumótun sem ég kynnti ásamt ítarlegri starfsþáttagreiningu og viðskiptaáætlun. Afar mikilvægt er að vel takist til um farsæla niðurstöðu úr því verkefni.

Rekstrarframlag frá ríki og borg mun halda áfram að vera umtalsvert eftir að breytingar hafa verið gerðar á rekstrarmódelinu. Viðburðir sem hér fara fram eru margþættir, og ýmsir sem geta ekki greitt leigu þannig að hún standi undir fullum kostnaði. Vil ég nefna sem dæmi að í dag var sett í Eldborg Barnamenningarhátíð þar sem þúsund grunn- og leikskólabörn munu taka þátt og njóta fjölbreyttra viðburða. Hluti af þeirri dagskrá er Upptakturinn, Tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna sem er samstarfsverkefni Hörpu, Barnamenningarhátíðar, RÚV og Listaháskólans og er hún einmitt að hefjast á þessari stundu. Harpa styður t.d. við svona hátíðir með því að fá aðeins greiddan hluta af beinum kostnaði. Ávinningurinn á hins vegar eftir að skila sé margfalt í listelskum börnum og verðandi tónlistarunnendum.

Harpa hefur verið að koma sér betur inn á erlenda markaði, og er gaman að geta þess að í þessari viku halda ECHO, samtök tónlistarhúsa í Evrópu aðalfund sinn í hér. Vissulega dýrmætt fyrir starfsmenn okkar að læra og miðla af samstarfi við slíka aðila, og mun það vonandi skila sér vel í nánari samvinnu og betri þekkingu okkar á því hvernig unnið er á erlendum mörkuðum.



Á aðalfundi fyrir ári fjallaði ég um ágreining Hörpu við stjórnvöld vegna hárra fasteignagjalda sem lögð eru á félagið. Sama ágreiningsefni hefur reyndar verið til umfjöllunar á hverjum aðalfundi nánast frá upphafi.

Í skýrslu stjórnar er að nokkru gerð grein fyrir málinu og kemur þar m.a. fram að í framhaldi af dómi Hæstaréttar frá 25. febrúar 2016 væntu stjórnendur þess að fasteignagjöld myndu lækka verulega. Það hefur ekki gengið eftir nema að hluta, og hefur félagið ítrekað kært nýtt fasteignamat Þjóðskrá Íslands á síðustu árum. Í nýjasta úrskurði yfirfasteignamatsefnd þann 13. desember 2018 er tekið undir með Þjóðskrá Íslands að þeirra aðferðir endurspeglu gangverð fasteignarinnar. Stjórn Hörpu er ekki sammála þessari niðurstöðu, en hefur ekki tekið ákvörðun um hver verði næstu skref félagsins í þessu máli.

Ekki ætla ég að rekja hér málsrök okkar sem lögð voru fyrir Þjóðskrá, áfrýjunarnefnd, Héraðsdóm eða Hæstarétt. Ég vil aðeins segja að rekstur hússins ber ekki þau háu fasteignagjöld sem lögð eru á starfsemina og er rétt að hver og einn meti það sjálfur hvort þeir telji þau eðlileg út frá eftirfarandi staðreyndum, sem byggja á ársreikningi fyrir árið 2017.

- Samkvæmt upphaflegri álagningu fasteignagjalda hefði Harpa greitt 2,44% af heildar tekjum Reykjavíkurborgar af fasteigna- og lóðasköttum í borginni allri.
- Eftir margra ára kærufjerli og dómsmál þá hafa þau fasteignagjöld sem Harpa greiddi á árinu 2017 lækkað tímabundið og eru nú 1,49% af heildartekjum Reykjavíkurborgar af fasteigna- og lóðasköttum borgarinnar.
- Ég sagði tímabundið, því við njótum nú tímabundins afsláttar, þannig að þegar svæðið hér umhverfis húsið verður fullbyggt, eftir að höfuðstöðvar Landsbankans hafa risið þá má ætla að Harpa þurfa að standa skil á um 1,93% af öllum tekjum Reykjavíkurborgar af fasteigna- og lóðagjöldum. Þetta þýðir að allar aðrar fasteignir í Reykjavík, öll íbúðarhús, allt skrifstofuhúsnæði, allt iðnaðar- og verslunarhúsanæði og allar lóðir standa undir hinum rúmlega 98 prósentunum. Harpa, ein bygging stendur undir tæpum tveimur prósentum.
- Fasteignagjöld námu 263 mkr á árinu 2018 eða um 22.5% af sjálfsaflatekjum Hörpu.
- Fasteignamat Hörpu byggir á mati Þjóðskrár á tekjuvirði hússins. Til umræðu kom að færa fasteignina í ársreikningi fyrir 2018 á niðurstöðu þessa mats Þjóðskrár. Löggildir endurskoðendur Hörpu sem vinna í umboði Ríkisendurskoðunar, telja það mat allt of hátt.
- Þá má nefna að rekstrarframlag ríkis og borgar til Hörpu nam á árinu 2018 alls 400 mkr og fara því 66% af því framlagi til greiðslu fasteignagjalda. Reyndar nema aðrir skattar 153 mkr og greiddi félagið því alls 420 mkr í skatta á móti 400 mkr rekstrarframlagi frá ríki og borg.

Það er því vandlifað. En hvað veldur þessu og hverra er ábyrgðin?

Um fasteignamat og álagningu fasteignagjalda gilda lög frá nr. 6 6.febrúar 2001. Lögin falla undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og annast Þjóðskrá, ein undirstofnana þess ráðuneytis framkvæmd þessa þáttar laganna, með því að úrskurða um fasteignamat. Verði ágreiningur um fasteignagjöld sem byggja á fasteignamati má áfrýja þeim ágreiningi til yfirnefndar og síðan til dómstóla. Þessar stofnanir eru því allar á ábyrgð ríkisvaldsins. Reykjavíkurborg er með álagningu þessara háu fasteignagjalda á húsið að fara að lögum og reglum sem sett eru af Alþingi og ríkisvaldinu, en þarf síðan að sitja undir skömmum fyrir að innheimta svona há fasteignagjöld. Í ljósi þess tel ég réttast að eigendur Hörpu ohf, ríki og borg leiti leiða til að finna sameiginlega niðurstöðu um breytingu á lögum og reglum til að ná fram niðurstöðu um hóflegri fasteignagjöld fyrir húsið. Við ættum öll að geta verið sammála um að ekki geti talist eðlilegt að tónlistinni í landinu sé gert að bera slíkar fasteignagjaldaálögur af heimili sínu.

Góðir fundarmenn

Í nær tvö ár hef ég fengið tækifæri til að taka þátt í því ævintýri sem starfsemi Hörpu býr yfir. Það hefur verið afskaplega gefandi og ánægjuleg vegferð. Sérstaka athygli mína hefur vakið sú mikla gleði og stolt sem ég finn út í samfélaginu og meðal listamanna með þetta hús og þá listviðburði sem hér fara fram. Ég ákvað hins vegar fyrir nokkru að víkja nú úr stjórn og snúa mér að öðrum hugðarefnum, og óskaði því eftir við eigendur að annar tæki við þessu kefli. Ég vil nota tækifærið og þakka ráðamönnum fyrir að hafa falið mér þetta verkefni. Einnig öllum sem ég hef kynnst og starfað hérna með.

Forstjóri Hörpu hefur leitt starfsemina af festu og framsýni og þakka ég henni ánægjulegt samstarf og óska henni velgengni við áframhaldandi uppbyggingu.

Öllum starfsmönnum færi ég alúðar þakkir stjórnar fyrir fagmennsku og dugnað í sínum verkum.

Fulltrúum í eigendanefnd þakka ég mjög ánægjulegt og jákvætt samstarf og góðan stuðning. Sérstaklega vil ég fá að þakka meðstjórnarmönnum mínum fyrir samstöðu og kjarnmiklar umræður á mjög skemmtilegum stjórnarfundum.

Hafið öll bestu þakkir fyrir.

9. apríl 2019.

Þórður Sværriðsson.